

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 41 ? 06.12. 2004

Mánudaginn 6. desember, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Samningur við Sveitarfélagið um Vatnsveitu Skagafjarðar.
2. Breytingar á samþykktum félagsins.
3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Farið yfir samning ásamt Kristjáni Jónassyni endurskoðenda hjá KPMG Sauðárkróki, sem lagður verður fyrir Sveitarstjórn Skagafjarðar n.k. fimmtudag 9. desember. Með samningi þessum yfirtaka Skagafjarðarveitur ehf. allar eignir Vatnsveitu Skagafjarðar. Yfirtakan miðast við bókfært verð eins og það kemur fram í efnahagsreikningi Vatnsveitunnar þann 31. desember 2003. Yfirtökuverð greiðist að fullu með hlutafé í Skagafjarðarveitum ehf. Kaupverð hlutabréfanna er 125.247.875 kr. en nafnverð er 50.000.000 kr. Er þetta gert í samræmi við samkomulag samningsaðilja frá 5. september 2002 þar sem Skagafjarðarveitur yfirtóku rekstur Vatnsveitu Skagafjarðar.

2. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að leggja fyrir hluthafafund sem verður haldinn fimmtudaginn 9. desember n.k. að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins.

Grein 1.3. Er ?Tilgangur félagsins er rekstur hitaveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði, félagið mun yfirtaka rekstur Hitaveitu Skagafjarðar bs og mun það starfa á grundvelli laga og reglugerða sem settar hafa verið varðandi fyrrnefnd félag. Jafnframt er tilgangur félagsins að eiga og reka veitukerfi og fasteignir, lánastarfssemi og skyldur rekstur.?

Verður ?Tilgangur félagsins er veiturekstur í Sveitarfélaginu Skagafirði, félagið yfirtekur rekstur og eignir Hitaveitu Skagafjarðar bs og Vatnsveitu Skagafjarðar og mun það starfa á grundvelli laga og reglugerða varðandi fyrrnefnd félög. Jafnframt er tilgangur félagsins að eiga og reka veitukerfi og fasteignir, lánastarfsemi og skyldur rekstur.?

Grein 2.1. Er ?Hlutafé félagsins er 50.000.000 kr-fimmtíu milljónir kr.-og skiptist í einnar krónu hluti. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé þess um 50.000.000 kr. þannig að heildarhlutafé sé að fjárhæð 100.000.000 kr. Frekari hækkun hlutafjár er einungis heimil með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Verður ?Hlutafé félagsins er 100.000.000 kr.-eitt hundrað milljónir kr.- og skiptist í einnar krónu hluti. Frekari hækkun hlutafjár er einungis heimil með samþykki hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum

Þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.?

Nú vék Kristján Jónasson af fundi.

3. Farið yfir drög að fjárhagsáætlun Skagafjarðaveitna fyrir árið 2005.

4. Önnur mál.
Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.20